



# Carolín Karlson Guðbjartsdóttir

Lét drauminn rætast þegar boðið var upp á nýja námsleið í hjúkrunarfræði



## Hvaða bakgrunn í námi ert þú með og hvenær útskrifaðist þú úr því námi?

Ég útskrifaðist úr viðskiptafræði árið 2005 frá Tækniháskóla Íslands.

## Hvar starfaðir þú áður en þú ákvaðst að skipta um starfsferil?

Ég vann á hjúkrunarheimili á sumrin þegar ég var í framhaldsskóla og fann að það átti vel við mig. Seinna meir starfaði ég við ýmis störf í fjármálageiranum meðal annars í bönkum og greiðslumiðlun.

## Hvers vegna varð það nám fyrir valinu á sínum tíma og hvað varð til þess að þú ákvaðst svo að venda kvæði þínu í kross og sækja um nám í hjúkrunarfræði fyrir fólk með aðra háskólagráðu?

Það var gamall draumur sem blundaði alltaf í mér að verða hjúkrunarfræðingur, alveg frá því að ég mjög ung. Ég reyndi einu sinni að komast inn og ætlaði alltaf aftur en lét ekki verða af því og svo liðu 20 ár. Ég hef svo á undanförunum árum skráð mig fjórum sinnum í hjúkrunarfræði en alltaf hætt við vegna þess að mér finnst fjögur ár of langur tími. Þegar ég sá svo þessa námsleið auglýsta ákvað ég að láta á það reyna og var að útskrifast núna í haust.

## Hvernig var umsóknarferlið, er einhver hámarksfjöldi á þessari námsleið?

Til að geta sótt um inngöngu í námið þarf að taka áður í forkröfum 40 einingar í hjúkrunarfræðum. Það er mismikið hvað hver fær metið en ég þurfti að klára fimm fög sem voru lífeðlisfræði 1 og 2, frumulífeðlisfræði, líffærafræði, sál- og félagsfræði. Það eru teknir að hámark 20 nemendur inn í námið í hvert sinn.

## Var námið meira krefjandi en þú áttir von á?

Þetta er mjög krefjandi nám enda verið að taka námsefni sem er kennt á fjórum árum á tveimur og hálfu ári (með forkröfum). Við erum í skóla og verknámi 11 mánuði á ári. Þessi hópur tekur öll fög og verknám



**Aldur**  
46 ára

**Fjölskylduhagur**  
Gift og á fjögur börn

eins og fjögurra ára leiðin, það eina sem er undanskilið hjá okkur er lokaritgerð enda er ég búin að skrifa lokaritgerð í öðru háskólanámi. Nemendur sem taka hjúkrunarfræði á fjórum árum en hafa áður lokið öðru háskólanámi geta líka fengið lokaritgerð metna og þurfa því heldur ekki að skrifa aðra. Nemendur á leiðinni fyrir fólk með annað háskólapróf fá engan afslátt varðandi kröfur sem gerðar eru til hjúkrunarnáms í Háskóla Íslands.

## Kostir og gallar sem fylgja því að skipta um starfsferil?

Það sem skiptir máli er að fólk geri það sem það langar til í lífinu og nýti þau tækifæri sem eru í boði. Mér finnst ég mjög heppin að fá að prófa nýja hluti, kynna nýju fólk og láta gamlan draum rætast.

## Hvaða fag fannst þér skemmtilegast í náminu?

Hjúkrunarfögin, heilbrigðismat og verklegu tímarnir í færnisetrinu.

## Er eitthvert fag sem þér finnst vanta í námið?

Já það mætti vera meira af verklegum tímum í skólanum að mínu mati.

## Gætir þú hugsað þér að starfa sem hjúkrunarfræðingur erlendis í framtíðinni?

Já, það kæmi alveg til greina, þetta nám býður upp á fjölbreytta möguleika við ýmis störf bæði á Íslandi og erlendis.

## Ætlar þú að fara í framhaldsnám?

Ekkert ákveðið, enn sem komið er, mig langar að öðlast meiri starfsreynslu áður en ég tek ákvörðun um framhaldsnám.

## Eftirminnilegasta kennslustundin?

Þegar við vorum að læra að taka blóðprufur og setja upp æðaleggi.

## Flottasta fyrirmyndin í faginu?

Ég hef kynnst mörgum flottum hjúkrunarfræðingum í þessu námi sem hafa miðlað af reynslu sinni, leiðbeint og hvatt mig áfram og ég verð þeim ævinlega þakklát fyrir.

## Hvernig nærir þú andann?

Með því að dansa og kenna zumba, vera með vinum og fjölskyldu og fara út í náttúruna.

„Ég hef svo á undanförunum árum skráð mig fjórum sinnum í hjúkrunarfræði en alltaf hætt við vegna þess að mér finnst fjögur ár of langur tími.“